

Sp.

651. Tillaga til þingsályktunar

um athugun á framtíðarskipulagi utanríkismála.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta, í samráði við utanríkismálanefnd, fara fram rannsókn á því, hversu megi með viðráðanlegum kostnaði fyrir íslenska skattgreiðendur koma á fót viðunandi skipulagi á utanríkisþjónustuna innan lands og utan, og leggja tillögur um málið fyrir Alþingi.

Greinargerð.

Íslenska þjóðin er að tölu til ekki mannfleiri en íbúar eru í einni götu í erlendum stórborgum. Þessi fámenni hópur byggir auk þess næststærstu eyju álfunnar. Í sambandi við lýðveldismyndunina varð að setja á stofn, án verulegs undirbúnings, allmikið kerfi til að starfa að utanríkismálunum. Er þetta kerfi nú miklu mannfleira, bæði við störf innan lands og utan, heldur en samsvarar gjaldgetu þjóðarinnar. Nær hið nýja kerfi þó ekki nema til nokkurra landa. Að því er snertir sendiherrastarfið var heppileg vinnubragðatilhögun frá 1920 og fram að síðasta stríði, með því að sendimaður landsins í Danmörku var sífellt á ferð til þeirra landa, þar sem Ísland átti hvert sinn sérstakra hagsmuna að gæta.

Nú verður að vísu ekki hjá því komizt að fjölga sendimönnum frá því, sem var meðan landið var í persónusambandi við Danmörku. Er sennilegt, að ekki verði komizt af með minna en fjóra sendimenn. Einn fyrir Norðurlandarákin fjögur, annan fyrir Mið- og Austur-Evrópu, Balkanskagann og Ítalíu. Þriðju sendiherrann hefði aðsetur í London, en gegndi líka störfum í Hollandi, Belgíu, Frakklandi og á Pyreneaskaga. Fjórdi sendiherrann hefði fyrir starfssvið allan Vesturheim. Starfsemi Sveins Björnssonar, meðan hann var sendiherra, og Péturs Benediktssonar, sem verið hefur allsherjarsendiherra landsins á meginlandinu um nokkurra ára skeið, er til fyrirmyndar um skipulag þessara mála í framtíðinni. Hver einasti sendiherra landsins verður að gegna störfum í mörgum löndum. Er nú ólíkt hægra um vik að ferðast milli landa en áður var, þar sem hægt er að komast flugleiðis þvert yfir álfuna á fáeinum klukkustundum. Með þessum hætti verða sendiherrarnir önnum kafnir starfsmenn, en ekki tildurherrar eða veizluþeð. Munu Íslendingar auk þess ekki geta keppt við stórar og ríkar þjóðir á þeim vettvangi, þó að reynt væri að leggja út í kapphlaup af því tagi.

Þar, sem sendiherrar eru starfandi, má gera ráð fyrir, að þeim takist mjög víða að fá dugandi innborna menn til að gegna ræðismannsstörfum án endurgjalds. Á einstöku stað eru Íslendingar búsettir ytra og hafa aðstöðu til að taka að sér ræðismennsku fyrir land sitt ókeypis. Hefur nú þegar verið samið við allmarga menn í ýmsum löndum um þessa þjónustu. Hinir staðirnir eru þó miklu fleiri, þar sem aðrar þjóðir hafa slíka ræðismenn, en ókleift mun reynast að hafa sérstaka umboðsmenn vegna íslenskra mála. Hins vegar eru Íslendingar víða á ferð, og hlýtur vöntun á hjálparmönnum oft að verða bagaleg í framandi löndum. Kemur þá til greina, hvort ekki væri hægt að semja við þau fimm ríki, sem kalla má nábúa Íslendinga, um, að ræðismenn þeirra gæti íslenskra hagsmuna í tilteknum löndum og heims hlutum. Má telja sennilegt, að Norðmenn, Svíar, Danir, Bretar og Bandaríkjamenn mundu, ef um væri beðið, taka að sér þessa starfsemi án endurgjalds fyrir íslenska ríkið.

Þar sem skipulag og framkvæmd utanríkismálanna er eitt hið dýrasta og vandasamasta viðfangsefni hins unga lýðveldis og ýmis mistök óhjákvæmileg í fyrstu, virðist tími til kominn, að rætt sé á opinberum vettvangi um þetta mál, sem vissulega kemur allri þjóðinni mikið við og meira en við má búast eftir því, hve lítið borgarar landsins hafa fram að þessu látið það til sín taka.